

steinasalinn sté einhverju sinni af hesti sínum; dró þjónninn þá upp skambyssu eina, og skaut hann í hel, og varpaði síðan líkinu í mógröf eina, er var skamt frá veginum. Síðan hélt hann með fóð til Englands og tók sér þar bólfestu í bæ einum. Hann hóf þar verslun, en mjög litla, svo að enginn yrði þess var, að hann væri fjáður. Smátt og smátt jók hann verslun sína, og græddist honum ávalt meira fé. Hann kvongaðist, og gekk að eiga konu af álitlegum ættum, og komst í bæjarstjórnina, og að síðustu kusu bæjarbúar hann fyrir dómará. Þá er langur tími var liðinn, var illvirkri einn leiddur fyrir dóm hans. Eiðsvartarnir höfðu þegar dæmt illvirkjann sekjan, og eigi vantadi annað en að dómurinn væri staðfestur. Dómarinn þagði langa hríð, en alt í einu brá hann lit,skalf allur og titraði, og var nær fallinn í ómegin. Því næst reis hann snögglega upp, gekk út fyrir végrindurnar, og nam staðar hjá hinum ákærða manni, og nælти: „Eiðsvavar! Guð er réttlátur dómarí; hér leiðir hann fyrir yður enn meiri illvirkja en þessi maður er. Svo er mál vaxið, að fyrir þrjátíu árum myrti eg húshóna minn og velgjörðamann, er gert hafði mann úr mér. Mín stund er komin; samviska mín kvelst óumrædilega. Réttvísinni hlýtur að fullnægja. Kveðið upp að eins dauðadóminn yfir mér.“ Öllum, er við voru staddir, ægði við. Maðurinn var settur í dýflissu, mál hans vandlega rannsakað og ritaað um það til Hollands. Allar skyringar, er fengust þaðan, staðfestu ákæru dómarans yfir sjálfum sér, og var hann því til dauða dæmdur, og leið hann dauðann með sannri iðrun fyrir glæp sinn.

Þýtt af H. Kr. Fr.

### Sögur um dýr.

#### I.

Visindamaður nokkur hafði þann óvana, að lesa í bók á kveldum í rúmi sínu, þá er hann var háttáður. Einn vetur var það nokkrum sinnum, að þá er hann vaknaði á morgnana, þóttist hann muna það víst, að hann hefði eigi slökt ljósið kveldinu áður, en þó var ljósið slökt hvern morgun, þar sem það stóð á bordinu við säng hans, og þó eigi brunnið út.

Í fyrstunni ætlaði hann, að sig mundi rangminna, en svo bar hið sama aftur að nokkra morgna hvern á eftir öðrum, og nú mundi hann það víst, að hann hafði sofnað út frá ljósinu kveldinu áður. Hann tók að velkja þessu fyrir sér, og að síðustu datt honum í hug, að hundur hans kynni að hafa slökkt ljósið; hann lá allajafna á voð einni fyrir framan rúmstokkinn. Hann einsetti sér að grafast fyrir þetta, og næsta kveld las